

Dagsetning
20.11. 2007

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um breytingu á lögum nr. 116, 10. Ágúst 2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið, sem felur í sér tímabundna frestun veiðigjalds vegna þorskveiða á árunum 2007/2008 og 2008/2009 auk endurgreiðslu vegna yfirstandandi fiskveiðiárs. Hér er um að ræða hluta þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa ákveðið að grípa til vegna samdráttar í mögulegum þorskveiðum. Stofnunin telur þessar breytingar nauðsynlegar og styður þær, þó að ljóst sé að víða þarf að grípa til frekari aðgerða vegna niðurskurðar og aflabrests í einstökum byggðarlögum.

Virðingarfyllt



Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar